**385. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 14. nóvember 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

**Mætt:**
Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Rúnar Böðvarsson í fjarverju AK
Jón Bjarki Jónatansson
Michael Gluszuk
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Óskaði hann eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 35. lið, fundargerð 227. menningarnefndar. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) **Fundargerð 5. fundar rekstrarnefndar Klifs, dags. 1. október 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2) **Fundargerð 147. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 7. október 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3) **Fundargerð 19. fundar öldungaráðs, dags. 19. október 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4) **Fundargerð 103. fundar íþrótta- og æskulýðsnefndar, dags. 2. október 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5) **Fundargerð 226. fundar menningarnefndar, dags. 15. október 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6) **Fundargerð 187. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. september 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

7) **Fundargerð 25. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 1. október 2024.**
Lagt fram til kynningar.

8) **Fundargerð ársfundar fulltrúaráðs Svæðisgarðsins Snæfellsness, dags. 12. október 2024.**
Lagt fram til kynningar.

9) **Fundargerð 192. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 21. október 2024.**
Lagt fram til kynningar.

10) **Fundargerð 226. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 9. september 2024.**
Lagt fram til kynningar.

11) **Fundargerðir 952., 953. og 954.. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. september, 25. október og 4. nóvember 2024.**
Lagt fram til kynningar.

12) **Fundargerð 466. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 23. október 2024.**
Lagt fram til kynningar.

13) **Fundargerðir 82. og 83. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 22. október og 29. október 2024.**
Lagt fram til kynningar.

14) **Fundargerð aðalfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 9. október 2024.**
Lagt fram til kynningar.

15) **Bréf frá Hollvinasamtökum Pakkhússins, ódags., varðandi ósk um fund með bæjarstjórn.**
Bæjarstjórn tekur jákvætt í að hitta fulltrúa Hollvinasamtakanna.

16) **Bréf frá Hraðfrystihúsi Hellissands, dags. 14. október 2024, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að Gunnari Bjarnayni SH-122, skrn 2462.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að fiskiskipinu Gunnari Bjarnasyni SH-122, skrn. 2462.

17) **Bréf frá Viktoríu Kr Guðbjartsdóttur, dags. 10. október 2024, varðandi úrsögn úr hafnarstjórn.**
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða og þakkar Viktoríu setu hennar í hafnarstjórn.
Tillaga kom um Bárð Guðmundson í hennar stað. Var tillagan samþykkt samhljóða.

18) **Bréf frá Félagi eldri borgara, dags. 2. október 2024, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi þann 17. nóvember n.k. vegna jólabasars eldri borgara.**
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða, enda fellur það undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á húsaleigu í félagsheimilunum.

19) **Bréf frá safnaðarnefnd Ingjaldshólssóknar, dags. 27. október 2024, varðandi ástand vegarins upp að Ingjaldshólskirkju.**
Bæjarstjórn samþykkti að fela bæjarstjóra að ræða við Vegagerðina.

20) **Bréf frá Atla Má Ingólfssyni, dags. 29. október 2024, varðandi landskipti á Dagverðará.**
Bæjarstjórn staðfestir landskipti á Dagverðará, en tekur ekki afstöðu til þess hvort ytri merki jarðarinnar séu réttilega tilgreind.

21) **Bréf frá Stígamótum, dags. 30. október 2024, varðandi ósk um fjárstuðning á árinu 2025.**
Bæjarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.

22) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 31. október 2024, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Ingibjargar Norberg um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús að Jaðri 16 á Arnarstapa, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Ingibjargar Norberg um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – frístundahús að Jaðri 16 á Arnarstapa, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

23) **Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ. Seinni umræða.**
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framlagða samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ.

24) **Samningur Orkusölunnar og Snæfellsbæjar um rafmagn til fjarvarmaveitna.**
Bæjarstjórn samþykkti framlagðan samning samhljóða.

25) **Samningur um samstarf á sviði endurhæfingar á milli Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, Virk-starfsendurhæfingar ses., Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva.**
Lagt fram til kynningar.

26) **Bréf frá SSV, dags. 23. október 2024, varðandi mönnun HVE.**
Lagt fram til kynningar.

27) **Ályktun frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 23. október 2024, varðandi vörsluskyldu búfjár.**
Lagt fram til kynningar.

28) **Bókun frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 25. október 2024, varðandi mögulegan loðnubrest.**
Lagt fram til kynningar.

29) **Bréf frá EBÍ, dags. 25. október 2024, varðandi ágóðahlutagreiðslu sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.

30) **Bréf frá Óbyggðanefnd, dags. 10. október 2024, varðandi þjóðlendumál: eyjar og sker.**
Lagt fram til kynningar.

31) **Bréf frá Sorpurðun Vesturlands, dags. 29. október 2024, varðandi lokun fyrir móttöku rúmdýna.**
Lagt fram til kynningar.

32) **Bréf frá SSV, dags. 17. október 2024, varðandi Sóknaráætlun Vesturlands.**
Lagt fram til kynningar.

33) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025. Fyrri umræða.**
Bæjarstjórn fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun 2025 og þær forsendur sem liggja að baki henni.
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025 til nánari vinnslu í bæjarráði og þaðan til seinni umræðu í bæjarstjórn þann 5. desember.
Bæjarstjórn samþykkti jafnframt að hittast á vinnufundum um fjárhagsáætlun
Bæjarráðsfundur verður þriðjudaginn 3. desember. Vinnufundir verða haldnir mánudaginn 18. nóvember kl. 18:00 og mánudaginn 25. Nóvember kl. 17:00.

34) **Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028. Fyrri umræða.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028 til nánari vinnslu í bæjarráði og þaðan til seinni umræðu í bæjarstjórn þann 5. desember.

35) **Fundargerð 227. fundar menningarnefndar, dags. 12. nóvember 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

36) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
   a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit ársins.
   b) Bæjarstjóri fór yfir mánaðarnotkun varmadælu í Ráðhúsinu.
   c) Bæjarstjóri fór yfir heimsóknir á tjaldstæði Snæfellsbæjar í ár.
   d) Bæjarstjóri fór yfir notkun á salernisgámnum á Arnarstapa.
   e) Bæjarstjóri ræddi málefni tjaldstæðanna.
   f) Bæjarstjóri ræddi fyrstu helgi í aðventu.
   g) Bæjarstjóri sagði frá fundi sem hann átti með Ofanflóðasjóði.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:35**

Björn H Hilmarsson

Júníana Björg Óttarsdóttir

Michael Gluszuk

Eiríkur Böðvar Rúnarsson

Margrét Sif Sævarsdóttir

Jón Bjarki Jónatansson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari